

**Heimsmynd
norrænna
manna –
skv. *Snorra-
Eddu***

Heimsmyndin

- Bræðurnir Óðinn, Vili og Vé skapa jörðina úr líkama jötunsins Ýmis.



- Hold verður jarðvegur, höfuðkúpan himinhvelfingin, bein og tennur björg, urð og grjót, blóðið vötn og sjór o.s.frv.
- Dvergarnir Norðri, Suðri, Austri og Vestri bera himininn uppi.
- Í norðri og austri búa jötnar.
- Á miðri jörðinni er Miðgarður, bústaður manna, umkringdur virkisvegg úr brám Ýmis.
- Ásgarður er ýmist sagður vera á himni eða borg í miðjum Miðgarði.
- Jörðin virðist vera flöt af lýsingum Snorra að dæma
 - Þó bendir margt til þess að norrænir menn hafi vitað að hún er hnöttótt.



Heimsmyndin frh.



- Heimarnir eru alls 9: Ásgarður, Vanaheimur, Jötunheimur, Niflheimur, Múspellssheimur, Álfheimur, Svartálfaheimur, Miðgarður og Hel.
- Askur Yggdrasils, lífsins tré, stendur í miðju jarðar og breiðir greinar sínar yfir hana. Rætur hans eru í brunnum í þremur heimum:
 - Urðarbrunni í Ásgarði þar sem örlagagyðjurnar næra rótina.
 - Mímisbrunni í Jötunheimum
 - Hvergelmi í Niflheimi þar sem drekinn Niðhöggur nagar rótina.
- Regnbogabrúin Bifröst tengir Ásgarð við aðra heima. Hún er föst í Ásgarði en hinn endi brúarinnar hoppar milli heima og er aldrei lengi á sama stað.
 - Bifröst brotnar í ragnarökum þegar Múspellssynir ryðjast yfir hana með Surt í broddi fylkingar.

